

Nr. 18-002 S 001 Ása BA***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2921
Smíðaður: Moen Marine Noregi, 2016, ál.
Útgerð: Fjarðarlax hf.
Stærð: 41,56 bt
Mesta lengd: 13,38 m *Skráð lengd:* 13,37 m
Breidd: 7,5 m *Dýpt:* 2,5 m
Vél: John Deere, 484 kW, árg.: 2016
Fjöldi skipverja: 2



Gögn:
Gögn RNSA

Ása@Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. desember 2017 var vinnuskipið Ása BA við bryggju á Bíldudal. Veður: ASA 3 m/s.

Glussaleki kom að þilfarskrana skipsins og eftir viðgerð þrifu skipverjar glussann af þilfarinu. Þegar skipstjóri var á leið út úr stýrishúsinu niður stiga með þremur þrepum, rann hann til í efsta þrepinu og féll á þilfarið. Í fallinu greip hann í hurðarkarminn með vinstri hendi en við það slitnaði sin í öxlinni, önnur rifnaði og sú þriðja færðist úr stað.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði taldi sennilegast að olúsmít hafi verið undir skónum eftir þriffin;
- að hann var í öryggisskóm með stáltá;
- að skipstjóri var ekki lögskráður þennan dag á bátinn og bar hann því við að lögskráningin væri í höndum vaktformanna. Hann hafi innt eftir því hvort ekki væri búið að skrá.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Nefndin átelur að lögskráning var ekki í lagi og bendir á að hún sé ávallt á ábyrgð skipstjóra samkvæmt 4 gr. laga nr. 35/2010 um lögskráningu sjómanna.